

Tillaga fyrir bæjarráð

## **Nefnd um endurskoðun rekstrarsamninga við íþróttafélög í Reykjanesbæ**

Í stefnu Reykjanesbæjar frá 2020-2030 er uppbygging íþróttamannvirkja til að styðja við öflugt íþróttastarf eitt af markmiðum bæjarins.

Bæjarráð telur því nauðsynlegt að endurskoða alla rekstrarsamninga við íþróttafélög í Reykjanesbæ með tilliti til þarfa íþróttahreyfingarinnar og um leið að skapa betri rekstrargrundvöll deilda. Um leið skal leita leiða til hagræðingar með auknu samstarfi deilda og félaga til að tryggja velferð og rekstur.

Hlutverk nefndarinnar er því að skoða fjárhagsstöðu félaga og deilda í Reykjanesbæ, meta áætlaða þörf og koma með tillögur að nýjum samningum sem verða síðan lagðir fyrir íþrótt- og tómstundarráð til umsagnar.

Formaður leggur til að nefndin verði skipuð starfsfólki íþróttamannvirkja, kjörinna fulltrúa auk fulltrúa íþróttahreyfingarinnar í Reykjanesbæ.

Nefndin verður skipuð tveimur fulltrúum bæjarstjórnar.

Formaður IRB

Starfsmanni íþróttamannvirkja.

Fulltrúi Keflavík - Íþrótt- og Ungmennafélag.

Fulltrúi Ungmennafélag Njarðvík.

Formaður nefndarinnar verður fulltrúi meirihlutans.

Umsjón með starfi nefndarinnar hefur Hafþór Birgisson, íþrótt- og tómstundarfulltrúi.